



Kennari: Ólafur Einarsson

Skammstöfun: ÓE

Áfangalýsing:

Í áfanganum, sem ætlaður er nemendum af öllum námsbrautum, er lögð áhersla á að nemendur verði meðvitaðri um þátt einstaklingsins í umhverfisvernd. Nemendur kynnst aðferðum til að áætla áhrif breyttra lifnaðarháttanna á umhverfið og leitast er við að auka ábyrgðartilfinningu einstaklingsins gagnvart bæði sínu nánasta umhverfi og umhverfisins á hnattvísu. Nemendur kynnst helstu umhverfisvandamálum sem við glímum við í heiminum. Fjallað verður um mengun, veðurfarsbreytingar, dýr í útrýmingarhættu og auðlindapurrd. Kynnt verða hugtökin „burðargeta“ og „sjálfbærni“, og hugtökin tengd fjölgun mannkyns og aðstæðum á Jörðinni. Enn fremur verður fjallað um sjálfbæra auðlindanýtingu. Í áfanganum er leitast við að auka hæfni nemanda í að túlka gögn sem tengjast umhverfismálum á gagnrýninn hátt. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni með gögn sem tengjast umhverfismálum. Nemendur verða hvattir til að velta því fyrir sér hvað móti tengsl manns og náttúru. Fjallað verður um muninn á hagrænum og fagurfræðilegum verðmætum og nemendur hvattir til að velta því fyrir sér hvað hafi áhrif á verðmætamat hvers og eins og þegar kemur að því að meta verðmæti í náttúrunni.

Markmið

- I. Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lifnaðarháttanna. Hugtökunum burðargeta (e. carrying capacity) og sjálfbærni (e. sustainability) og hvernig þessi hugtök tengjast nýtingu náttúruauðlinda og fjölgun mannkyns. Hlýnun jarðar, þ.e. orsökum, afleiðingum og ábyrgð einstaklings muninum á hagfræðilegu og fagurfræðilegu verðmætamati í tengslum við nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd.
- II. Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að endurnýta endurnýtanlegan efnivið og endurvinna sorp í þeim tilgangi að minnka sorp sem þarf að farga. Meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að nýta sér hugtakið „vistspor“ (e. ecological footprint). Fjalla um umhverfismál út frá hagfræðilegum og fagurfræðilegum sjónarmiðum.
- III. Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að minnka ágang á náttúruauðlindir með vistvænni lifnaðarháttum en áður. Minnka magn urðaðs sorps með því að endurnýta og endurvinna það sem hægt er túlka á gagnrýninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum. Vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.

Kennslugögn:

Nemendur fá lesefni frá kennara.

Verkefnaskil:

Fjölbreytt verkefni jafnt og þétt yfir önnina. Tvö annarpróf. Verkefni verða unnin og skilað í Innu. Nemendur vinna ýmis verkefni samhliða yfirferð námsefnis. Verkefni eru misstór og vega mismikið og eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Skýrslum skal skila á tölvuunnu formi innan viku frá lokum verklegs tíma. Skilaskylda er á verkefnum. Sjá nánari leiðbeiningar í Innu.

Námsmat:

Annarpróf: 30%

Verkefni 60%

Ástundun 10%

Ekki er sérstakt lokapróf á prófatíma í lok annar. Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali á verkefnum og á annarprófum og skila öllum verkefnum. Nemandi sem er löglega forfallaður (vottorð) í annarprófi á möguleika á að taka sjúkrapróf í þeim hluta á prófatíma í desember.

Sérreglur áfangans og aðrar upplýsingar


Viðvera í tímum. Ef nemandi fer úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Notkun tölvu/síma við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu eða síma í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Fjarvist verður gefinn **án aðvörunar** ef kennari verður var við það að sími/tölva er notuð í annað en það sem við kemur námi. **Nemendur 20 ára og eldri** skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Ef senda á tölvupóst til kennara þá vinsamlegast gerið það á Innu.

Nánari útfærsla á kennsluvef áfangans í Innu. Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

17. ágúst 2021,



Vika	Dagsetning	Áætlun um yfirferð námsefnis
33.	15.8 – 21.8	Kynning á áfanganum. Viðfangsefni umhverfisfræðinnar og staða umhverfismála í mismunandi löndum og bakgrunnur.
34.	22.8 – 28.8.	Viðfangsefni umhverfisfræðinnar og staða umhverfismála í mismunandi löndum og bakgrunnur.
35.	29.8. – 4.9.	Frumkvöðlar, fyrstu deilur um umhverfismál. Staðbundin umhverfisvandamál. Verkefni þar sem nemendur fjalla um umhverfisslys af manna völdum, eins og t.d. Minimata veikin og kjarnorkuslysið í Tsjernobyl. Plastlaus september.
36.	5. – 11.9.	Sameiginlegt andrúmsloft og sameiginleg mengun. Gróðurhúsaáhrif. Kafli úr Grænskinnu: Loftslagsbreytingar af mannavöldum og eldsneyti í samgöngum, horft til framtíðar (Grænskinna, lesefni á Innu). Plastlaus september.
37.	12. – 18.9.	Eyðing ósonlagsins. Plastlaus september. Dagur íslenskrar náttúru 16.9.
38.	19.9 – 25.9.	Regnskógarnir: Lungu jarðar, (Grænskinna, lesefni á Innu) Plastlaus september. PRÓF I
39.	26.9. – 2.10.	Hafið – súrnun sjávar og fleira. Líffræðileg fjölbreytni.
40.	3.10. – 9.10.	Hafið – súrnun sjávar og fleira. Líffræðileg fjölbreytni.
41.	10.–16.10.	Hnignun vistkerfa og vistheimt. „Að lesa og lækna landið“. Miðannarmat.
42.	17. – 23.10.	Hnignun vistkerfa og vistheimt. „Að lesa og lækna landið“.
43.	24. – 30.10.	Dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Válistar. Sjá heftið: Bjartari framtíð um 13 alþjóðasamninga um náttúru og menningarumhverfi.
44.	31.11 – 6.11.	Sorp, rangir hlutir á röngum stað (Grænskinna, lesefni á Innu).
45.	7. – 13.11.	Skoða sorpmál í nærumhverfi, hvernig er hægt að minnka úrgang og neyslu? Skoða hugtökin vistspor og burðargeta.
46.	14. – 20.11.	Fólksfjölgun. Jörðin og við (Grænskinna, lesefni á Innu).
47.	21. – 27.11.	Að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir og á ábyrgði okkar (Grænskinna, lesefni á Innu). SJÁLFBÆR ÞRÓUN.
48.	28.11 – 4.12.	Olnbogaráymi. PRÓF II. Námsmat.
49.	5.12 – 11.12.	Próf byrja 6. desember.